



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÝÐUSKÓLA

Skólaárið 2018-2019 01.10. 2018 2. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er september liðinn og bleikur október tekinn við. Skólastarfið fer vel af stað og er að komast í fastar skorður. Búið er að ráða forstöðumann í Frístund en það er Helga Hrönn Óladóttir sem mun stýra starfinu þar. Helena Kristín Gunnarsdóttir hefur verið ráðinn stuðningsfulltrúi við skólann í afleysingum.

Í þessum mánuði verður nokkuð af óhefðbundum skóladögum hjá nemendum. Viðtalsdagar verða mánudaginn 8. október og þriðjudaginn 9. október. Ég minni foreldra á að bóka viðtal hjá umsjónarkennara inni á Mentor. Fimmtudaginn 18. og föstudaginn 19. október verður svo haustfrí.

Föstudaginn 12. október er bleiki dagurinn. Það er orðinn fastur liður hjá okkur hér í skólanum að halda upp á þennan dag, klæðast bleiku og sýna þannig samstöðu í baráttunni gegn krabbameini. Við hvetum alla til að vera með.

Nú er búið að skipa í skólaráð fyrir þetta skólaár og má sjá hér á næstu síðu hverjir sitja í því. Á heimasíðunni undir flípanum skólinn/skólaráð má nálgast fundagerðir og netföng fulltrúanna. Við hvetjum ykkur til að senda okkur í ráðinu línu ef þið hafið einhverjar hugmyndir eða ábendingar um skólastarfið.

Ný persónuverndarlög tóku gildi fyrr á árinu og höfum við í skólanum haft í mörg horn að líta vegna þeirra. Það gerist ekki allt í einu en ýmislegt hefur breyst. Nú eru komnar læstar hirlsur fyrir kennara í flestar kennslustofur til í geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Farið hefur verið vel yfir skrifstofurými og þess gætt að óviðkomandi geti ekki komist í viðkvæmar persónuupplýsingar. Einn liður í persónuverndarstefnu skólans er að fá undirskrift foreldra á því að þeir haldi trúnað um það sem þeir sjá hér í skólanum. Eins þarf að skrifa undir samþykki fyrir myndatökum og meðferð myndefnis en búið er að útbúa eyðublað sem þarf að notast við. Þetta þurfa foreldrar að fara yfir í foreldraviðtölum. Við reynum öll að leggjast á eitt við að uppfylla öll skilyrði eins vel og okkur er unnt og óskum eftir góðu samstarfi í því sem og öðru hér í skólanum.

Með bestu kveðju!

Anna Bergrós

Á döfinni í október:

4. október	Söngsalur. 3. og 7. bekkur velja lög
8.—9. október	Foreldraviðtöl
12. október	Bleikur dagur
18.—19. október	Haustfrí



Október er til-
einkaður

Virðingu

Regla mánaðarins er

**„Við fylgjum fyrirmælum
starfsmanna“**

Foreldraviðtöl

Samkvæmt skóladagatali eru foreldraviðtöl í Síðuskóla mánudaginn 8. október og þriðjudaginn 9. október. Þessa daga mæta foreldrar til viðtals við umsjónarkennara með barni sínu. Aðrir kennarar skólans eru einnig til viðtals í sínum heimastofum eftir þörfum. Foreldrar bóka sjálfir viðtöl í Mentor. Athugið að aðeins er hægt að bóka viðtöl í Mentor mánudaginn 1. október til fimmtudags 4. október. Þá birtist ljósblá flís efst í vinstra horninu þegar þið skráið ykkur inn á Mentor. Gott er að þeir sem eiga fleiri en eitt barn bóki sig fyrir en síðar til að ná samliggjandi tímum. Þeim foreldrum sem ekki hafa bókað tíma á föstudaginn nk. verður úthlutað tíma.

Í ár verður sú breyting á að hæfnikort nemenda verður notað til grundvallar í viðtalinu þannig að foreldrar þurfa ekki að fylla út frammistöðumat líkt og síðustu ár. Viðtölin verða 30 mínútur að lengd nema hjá 3. og 5. bekk þar sem þau verða 15 mínútur.

Starfsáætlun Síðuskóla

Starfsáætlun Síðuskóla fyrir skólaárið 2018-2019 er komin út. Grunnskólum ber að birta stefnu sína með tvennum hætti eins og grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla gera ráð fyrir. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við starfsfólk skólans.

Starfsáætlunin er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá og stefnu Akureyrarbæjar í skólamálum. Í henni eru ýmsar upplýsingar um skólann sem eiga erindi við skólasamfélagið og þá aðila sem tengjast skólastarfinu. Í samfélagi dagsins í dag þurfa upplýsingar að vera aðgengilegar og ítarlegar.

Starfsáætlunin er hluti skólanámskrárinnar en hana er að finna á heimasíðu skólans www.siduskoli.is. Þar eru margvíslegar upplýsingar til viðbótar því sem hér stendur og er vísað til þess í textanum. Í samræmi við umhverfismarkmið skólans er starfsáætlunin birt á rafrænu formi á heimasíðu skólans.


Námsmat

Stefna Síðuskóla með námsmati er að veita upplýsingar sem leiðbeina nemendum um námið, hvernig þeir geti náð markmiðum þess og örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram.

Því þarf námsmatið að vera leiðbeinandi, uppörvandi og uppbyggjandi. Til þess að það geti tekist verður nemendum að vera ljóst að hvaða markmiðum er stefnt. Hæfniviðið í aðalnámskrá eru höfð til hliðsjónar þegar kemur að námsmati en það birtist í hæfnikortum í Mentor. Foreldrar eru hvattir til að skoða námsmatið en það tekur breytingum allt skólaárið.

Úr heimilisfræðitíma

Hér má sjá „bruncdisk“að hætti 8. bekkinga!



Skólaráð Síðuskóla 2018-2019

Ólöf Inga Andrédóttir skólastjóri

Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri

Marías Ben. Kristjánsson deildarstjóri

Þorbjörg Ólafsdóttir kennari

Elfa Björk Jóhannsdóttir kennari

Svava Svavarsdóttir ritari

Katrín Ósk Steingrímsdóttir foreldri

Halldór Arason foreldri

Regína Ólafsdóttir foreldri

Fulltrúar nemenda í skólaráði eru:

Svavar Máni Geislason og Aron Sveinn

Davíðsson

Stjórn FOKS veturinn 2018-2019 skipa:

Berglind Júðith Jónasdóttir Formaður

Erla Dögg Ólafsdóttir varaformaður

Sæfríður Marteinsdóttir gjaldkeri

Fanney Kristinsdóttir ritari

Dísa Hrönn Kolbeins meðstjórnandi

Sigrún Jóhannsdóttir meðstjórnandi

Magnús Örn Friðriksson meðstjórnandi

Magnea Guðrún Karlsdóttir fulltrúi kennara.

Nemendaráð 2018-2019

6.b. Aðalfulltrúi: Ísabella Sól Hauksdóttir

Aðalfulltrúi: Bjarki Brynjarsson

7.b. JÁ Aðalfulltrúi: Daníel Hrafn Ingvarsson

JS Aðalfulltrúi: Mikael Örn Reynisson

8.b. BJ Aðalfulltrúi: Svavar Máni Geislason

ÞÓ Aðalfulltrúi: Þorkell Máni Pétursson

9.b. SBD Aðalfulltrúi: Hera Björk Helgadóttir

B Aðalfulltrúi: Kristlaug Eva Wium Elíasdóttir

10.b. SJ Aðalfulltrúi: Aron Sveinn Davíðsson

ÞÓ Aðalfulltrúi: Tryggvi Hólmgrímsson

Varafultrúi: Gunnar Berg Hannesson

Varafultrúi: Stefán Andri Björnsson

Varafultrúi: Emilía Ósk Kruger

Varafultrúi: Logi Hrafn Egilsson

Varafultrúi: Birta María Vilhjálmsdóttir

Varafultrúi: Ingimar Kristjánsson

Varafultrúi: Elfar Bjarki Jónsson

Varafultrúi: Guðmundur Steinn Egilsson

Varafultrúi: Katrín Mjöll Ingibjargardóttir

Varafultrúi: Sóley Brattberg Gunnarsdóttir



MATSEÐILL - október 2018

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, köld sósa og ávextir	2. Pizza Óskadagur 4. bekkjar	3. Soðinn fiskur, kartöflur, rúg- brauð og ávextir	4. Kjötbúðingur, sósa, kartöflur og salatbar	5. Makkaónugrautur, ávextir
8. Viðtalsdagur	9. Viðtalsdagur	10. Lambakjöt, kartöflur, sósa og grænmeti	11. Snakkfiskur, hrísgrjón, sósa og salatbar	12. Aspassúpa og brauð
15. Fiskibollur, hrís- grjón, karrýsósa og ávextir	16. Kjöt og kjötsúpa	17. Grænmetisbuff, hrísgrjón, sósa og ávextir	18. Haustfrí	19. Haustfrí
22. Gratínfiskur, kartöflur, sósa og ávextir	23. Kjötbollur, kartöflur, brún- sósa og salatbar	24. Brauðaður fiskur, kartöflur, kok- telsósa og ávextir	25. Píta, hakk og grænmeti	26. Grjónagrautur og slátur
29. Lasagne, brauð og grænmeti	30. Soðin ýsa, kartöflur og ávextir	31. Svína snitsel, kartöflur, smjör og grænmeti		